

Mál nr. 2/2008

Valur gegn KR

Dómkröfur:

Að úrskurðað verði að kærði hafi tapað leik kæranda og kærða í meistaraflokki karla í Reykjavíkurmótinu, sem leikinn var 14. febrúar 2008, með markatölunni 3-0.

Málsástæður og önnur atvik:

Fimmtudaginn 14. febrúar 2008 fór fram leikur kæranda og kærða í meistaraflokki karla í Reykjavíkurmótinu í knattspyrnu í Egilshöll í Reykjavík. Á leikskýrslu voru tilgreindir eftirtaldir fimm varamenn kærða: Stefán Logi Magnússon, Pétur Marteinnsson, Björgúlfur Takefusa, Ingimundur Óskarsson og Skúli Jónsson. Var hinum fjórum fyrstnefndu skipt inn á í lið kærða á 46. mínútu leiksins, en þeim síðasttalda á 65. mínútu.

Óljóst er hvenær var Guðmundi Péturssyni skipt inn á í lið kærða, en hann var ekki tilgreindur á leikskýrslu og því ólöglegur að mati kæranda.

Samkvæmt gr. 9.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, samþykkt 23. apríl 2007, skal leikskýrsla gerð á eyðublöðum sem KSÍ gefur út. Í keppni 11 manna liða mega varamenn ekki vera fleiri en fimm, nema í undantekningatilvikum, og skulu þeir skráðir á leikskýrslu, sbr. gr. 9.2. Er leikskýrsla afhent dómara með númerum og nöfnum þeirra leikmanna, sem hefja eiga leik, auk varamanna. Leiðir af eðli máls að ekki er unnt að láta aðra hefja leik eða koma inn á sem varamenn, en tilgreindir eru sem slíkir í leikskýrslu. Engu getur breytt í þessum efnum þótt kærði kunni að hafa mátt tilgreina fleiri varamenn á leikskýrslu. Gæti hann þá allt eins haft fjölda viðbótarvaramanna tilbúinn á hliðarlínu og ákveðið síðar hverjum þeirra yrði skipt inn á og borið því við að láðst hefði að geta viðkomandi á leikskýrslu. Reglur um leikskýrslur KSÍ eru ekki settar að ástæðulausu og á ekki hafa í flimtingum.

Ekki er getið um innáskiptingu Guðmundar Péturssonar á leikskýrslu, en óumdeilt er að hann kom inn á í leiknum. Á meðfylgjandi mynd má sjá hann fagna einu marki kærða í leiknum. Kærandi getur leitt fjölda vitna að þátttöku Guðmundar í leiknum verði hún véfengd. Kærandi veit ekki hvort kærði hefur skipt inn á fleiri ólöglegum leikmönnum, en vekur athygli á að kærði hefur þegar tapað tveimur leikjum í Reykjavíkurmótinu vegna ólöglega skipaðs liðs. Sýnir það að mati kæranda þá vanvirðingu sem kærði hefur sýnt mótinu og reglum KSÍ.

Með þátttöku Guðmundar í leiknum var lið kærða í leiknum ólöglega skipað. Telst kærði því hafa tapað leiknum með markatölunni 0-3, sbr. gr. 40.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Vísar kærandi til hliðsjónar til úrskurðar aga- og úrskurðarnefndar KSÍ í máli nr. 1/2007, sem kveðinn var upp 19. júní 2007.

Fylgigögn með kæru:

1. Leikskýrsla leiks Vals-KR frá 14.02.08
2. Ljósmyndir sem sýna fram á þátttöku umrædds leikmanns.
3. Úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ í máli nr. 1/2007

Vitni:

Kærandi telur að svo stöddu ekki tilefni til að kalla á vitni til skýrslutöku, en áskilur sér rétt til að tilgreina þau síðar verði þátttaka Guðmundar í leiknum dregin í efa.

Áskilnaður:

Áskilinn er réttur til að reifa málið frekar og bera fram frekari málsástæður og lagarök eftir því sem tilefni kann að gefast til.

Reykjavík, 19. febrúar 2008.

F.h. kæranda,

Ótthar Edvardsson

Greinargerð KR

Krafa: Úrslit leiks Vals og KR, sem fram fór fimmtudaginn 14. febrúar 2008 verði látin standa óhöggð. Þá er þess krafist að leikskýrslu leiksins verði breytt í gagnarunni KSÍ.

Málavextir:

Málavextir eru þeir að eftir að Valsmenn höfðu fyllt út sinn hluta leikskýrslunnar tók aðstoðarþjálfari KR, Sigursteinn Gíslason, kt. 25.06.68-5549 við leikskýrslunni og fyllti hana út. Valsmenn óskuðu eftir því að fá skýrsluna til baka þar sem gera þurfti breytingar á henni. Sigursteinn afhenti Valsmönnum skýrsluna sem skiluðu henni síðan til dómara leiksins. Yfirsást Sigursteini að setja nafn Guðmundar Péturssonar, kt. 24.11.86-2379 á skýrsluna.

Því er algerlega hafnað að lið KR teljist ólöglega skipað þrátt fyrir þessa yfirsjón. Guðmundur Pétursson fékk félagsskipti yfir í KR 8. febrúar 2008 og var því skráður félagismaður KR þegar leikurinn fór fram 14. febrúar.

Dómari virðist ekki hafa veitt yfirsjón KR-inga athygli og er skipting Guðmundar Péturssonar inn á völlinn því ekki skráð. Þátttöku Guðmundar Péturssonar í leiknum er ekki mótmælt. Varðandi ummæli kæranda að hann viti ekki hvort aðrir leikmenn hafi ólöglega tekið þátt í leiknum þá er því hafnað að svo hafi verið. Kærði getur leitt fjölda vitna þar um.

Kærði hafnar því alfarið að liðið geti talist ólöglega skipað og vísar máli sínu til stuðnings til dóms dómstóls KSÍ í máli nr. 6/2006, Neisti gegn Leikni Fáskrúðsfirði sem staðfestur var af áfrýjunardómstól KSÍ hinn 19. júlí 2006 og til dóms Dómstóls KSÍ frá 28. október 1992 í máli Íþróttafélagsins Þróttar gegn Íþróttafélaginu Völsungi.

Í báðum málum voru atvik sambærileg því atviki sem hér um ræðir, þ.e. að það láðist að setja nafn varamanns á leikskýrslu.

Vísun í mál nr. 1/2007, KV gegn Afríku er röng þar sem það mál snerist um ólöglega leikmenn en það mál sem nú er fyrir dómi snýst um að löglegan leikmann

vantaði á skýrslu. Kærandi staðfestir sjálfur hver hinn löglegi leikmaður er og leggur fram gögn þar um sem kærði vísar til.

Í gr. 9.1. – 9.3. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót er fjallað um hvernig leikskýrsla skuli fyllt út, hverjir bera ábyrgð á skýrslunni og hver er leyfilegur fjöldi varamanna. Ekki er gerður ágreiningur um að fjöldi varamanna í þessum leik enda liggur fyrir samþykkt Knattspyrnuráðs Reykjavíkur um undanþágu frá ákvæðinu um fimm varamenn.

Í 1. tl. 40. gr. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót er fjallað um ólöglega skipað lið og afleiðingar þess að mæta með slíkt lið til keppni. Í 3. tl. er fjallað um áhrif þess sé leikskýrsla ranglega fyllt út, t.d. með því að falska nafn eða kennitölu þátttakanda.

Ekki er gerður ágreiningur um að Guðmundur Pétursson var leikmaður KR þegar leikurinn fór fram eða hann hafi verið hlutgengur sbr. bráðabirgðarákvæði 3.5. gr. eða sætt leikbanni. Af atvikum öllum er ljóst, að mistök aðstoðarþjálfara liðs kærða urðu til þess að nafn Guðmundar Péturssonar var ekki skráð á leikskýrslu fyrir leikinn í Egilshöll hinn 14. febrúar síðastliðinn. Geymdi leikskýrslan því aðeins 16 nöfn leikmana en ekki 18 sem þó er heimild fyrir. Þó þessi mistök hafi verið gerð við útfyllingu leikskýrslunnar getur lið kærða ekki talist ólöglega skipað í skilningi 3. tl. 40. gr. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót.

Kröfur kærða, Knattspyrnufélags Reykjavíkur eru ítrekaðar.

Virðingarfyllt,

f.h. Knattspyrnufélags Reykjavíkur
Guðjón Kristinsson, framkvæmdastjóri.

Vísað er til:

- 1) Dóms Dómstóls KSÍ í máli nr. 6/2006 – Neisti gegn Leikni Fáskrúðsfirði sem staðfestur var af Áfrýjunardómstól KSÍ hinn 19. júlí 2006.
- 2) Dóms Dómstóls KSÍ frá 28. október 1992 í máli Íþróttafélagsins Þróttar gegn Íþróttafélaginu Völsungi.

Úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ

Ár 2008, þriðjudaginn 26. febrúar, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Kolbeini Árnasyni, Sigurður I. Halldórssyni og Þresti Ríkharðssyni.

Fyrir er tekið málið nr. 2/2008:

Knattspyrnufélagið Valur, kt. 530683-0799

gegn

Knattspyrnufélagi Reykjavíkur (KR), kt. 640398-2569

Gögn málsins merkt nr. 1-2 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I.

Kærandi:

Knattspyrnufélagið Valur, kt. 530683-0799

Hlíðarenda við Laufásveg
101 Reykjavík
S:414-8000, fax: 414-8010
e-mail: valur@valur.is
Fyrirsvarsmáður: Óttthar Edvardsson, stjórnarmaður í knattspyrnudeild.

Kærði:
Knattspyrnufélag Reykjavíkur (KR), kt. 640398-2569
Frostaskjóli 2
107 Reykjavík
Fyrirsvarsmáður: Guðjón Kristinsson, framkvæmdarstjóri.

Mál þetta er mótttekið af skrifstofu KSÍ 20. febrúar sl. Málið fékk flýtimeðferð og var kærða gefinn frestur í sólarhring til að skila greinargerð. Greinargerð frá kærða barst innan frestsins þann 21. febrúar.

Kröfur:
Knattspyrnufélagið Valur krefst þess að úrslitum í leik Vals og KR sem fram fór í Egilshöll, fimmtudaginn 14. febrúar síðastliðinn, verði breytt og Knattspyrnufélaginu Val verði dæmdur 3-0 sigur í leik liðanna.

II.

Málsatvik og ágreiningsefni:

Kærandi krefst þess að honum verði dæmdur 3-0 sigur í knattspyrnuleik liðanna sem fram fór í Egilshöll fimmtudaginn 14. febrúar 2008 í meistarafllokki karla í Reykjavíkurmótinu í knattspyrnu. Krafa kæranda byggist á því að leikmaður KR, Guðmundur Pétursson kt. 241186-2379 hafi tekið þátt í umræddum leik þrátt fyrir að hafa ekki verið skráður á leikskýrslu og hafi þar af leiðandi verið ólöglegur í umræddum leik. Byggir kærandi á því að af þeim sökum hafi lið kærða verið ólöglega skipað í skilningi 40.1 gr. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót.

Forsvarsmáður kærða viðurkennir í bréfi sínu að umræddur leikmaður hafi tekið þátt í leiknum en að handvömm aðstoðarþjálfara við útfyllingu leikskýrslu hafi valdið því að leikmaðurinn var ekki skráður á skýrsluna. Er því hafnað af hálfu kærða að lið kærða hafi verið ólöglega skipað í umræddum leik þótt leikmanninn hafi vantað á skýrsluna þar sem hann hafi haft leikheimild með liðinu og að leikskýrslan hafi eingöngu geymt nöfn 16 leikmanna en ekki 18 sem þó er heimild fyrir. Vísar kærði í úrskurð áfrýjunardómstóls KSÍ í máli nr. 3/2006 og úrskurð dómstóls KSÍ í máli nr. 2/1992 til stuðnings kröfum sínum.

IV.

Niðurstaða:

Fyrst kemur til skoðunar hvort leikmaðurinn Guðmundur Pétursson, kt. 241186-2379 hafi verið hlutgengur með hinu kærða liði er leikur Vals og KR átti sér stað 14. febrúar 2008. Leikheimild leikmannsins með hinu kærða liði tók gildi frá og með 20. febrúar sl. en skv. bráðabirgðaákvæði í gr. 3.5 í reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga var leikmanninum heimilt að taka þátt í héraðsmótum frá og með þeim degi er keppnisleyfið var gefið út. Þar sem keppnisleyfi leikmannsins var gefið út 8. febrúar sl. og Reykjavíkurmótið fellur undir bráðabirgðaákvæði reglugerðarinnar var leikmaðurinn hlutgengur í skilningi gr. 3.1 í

reglugerð KSÍ um knattspyrnumót til að leika með liði kærða og sætti ekki heldur leikbanni. Var lið kærða því ekki ólöglega skipað af þeim sökum.

Ákvæði 9. gr. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót geymir fyrirmæli um hvernig leikskýrsla skuli fyllt út, hve margir varamenn megi vera í liði og á hvers ábyrgð það er að koma henni í hendur dómara fyrir leik. Samkvæmt ákvæði gr. 9.2 mega varamenn ekki vera fleiri en fimm. Hins vegar liggur fyrir samþykkt knattspyrnuráðs Reykjavíkur sem veitir undanþágu frá ákvæði um fjölda varamanna og heimilar allt að sjö varamönnum í Reykjavíkurmótinu.

Af atvikum málsins má vera ljóst að mistök aðstoðarþjálfara liðs kærða urðu til þess að nafn Guðmundur Péturssonar var ekki skráð á leikskýrslu fyrir leikinn í Egilshöll þann 14. febrúar sl. Geymdi leikskýrslan því aðeins nöfn 16 leikmanna en ekki 18 eins og þó var heimilt. Þó þessi mistök hafi verið gerð við útfyllingu leikskýrslunnar verður ekki á það fallist með kæranda að lið kærða hafi verið ólöglega skipað í skilningi gr. 40.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Er við þá niðurstöðu stuðst við skýr fordæmi áfrýjunardómstóls KSÍ í máli nr. 3/2006 og úrskurð dómstóls KSÍ í máli nr. 2/1992.

Kröfu kæranda er því hafnað

V.

Um Áfrýjun:

Samkvæmt grein 14.3. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 5 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

VI.

Úrskurðarorð:

Úrslit í leik Vals og KR í Reykjavíkurmótinu í mfl. karla, sem fram fór 14. febrúar 2008 í Egilshöll, Reykjavík, skulu standa óbreytt.

Kolbeinn Árnason

Sigurður I. Halldórsson

Þröstur Ríkharðsson

Áfrýjun Vals

Áfrýjað er:

Úrskurði aga- og úrskurðarnefndar KSÍ, uppkveðinn 26. febrúar 2008.

Áfrýjunarheimild:

Gr. 5.1 í reglugerð KSÍ nr. 1/2007 um áfrýjunardómstól KSÍ, dags. 23. apríl 2007.

Kröfur:

Að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og dæmt að kærði hafi tapað leik áfrýjanda og kærða í meistaraflokki karla í Reykjavíkurmótinu, sem leikinn var 14. febrúar 2008, með markatölunni 3-0.

Málsástæður og önnur atvik:

Um málsatvik vísast til meðfylgjandi kæru áfrýjanda til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ og að nokkru til hins áfrýjaða úrskurðar. Ágreiningslaust er að leikmaður kærða, Guðmundur Pétursson, kt. 241186-2379, tók þátt í leik áfrýjanda og kærða í meistaraflokki karla í Reykjavíkurmótinu í knattspyrnu hinn 14. febrúar 2008, þrátt fyrir að vera ekki á leikskýrslu. Hefur því verið borið við af hálfu kærða að um handvömm aðstoðarþjálfara hafi verið að ræða við útfyllingu leikskýrslu og er það lagt til grundvallar niðurstöðu í hinum áfrýjaða úrskurði.

Samkvæmt gr. 9.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, samþykkt 23. apríl 2007, skal leikskýrsla gerð á eyðublöðum sem KSÍ gefur út. Í keppni 11 manna liða mega varamenn ekki vera fleiri en fimm, nema í undantekningatilvikum, og skulu þeir skráðir á leikskýrslu, sbr. gr. 9.2. Fyrir liggur að knattspyrnuráð Reykjavíkur hefur heimilað allt að sjö varamenn í Reykjavíkurmótinu eins og greinir í hinum kærða úrskurði.

Áfrýjandi telur niðurstöðu hins áfrýjaða úrskurðar ranga. *Í fyrsta lagi* bendir áfrýjandi á að samkvæmt nefndri 9. gr. skal leikskýrsla afhent dómara með númerum og nöfnum þeirra leikmanna, sem hefja eiga leik, auk varamanna. Leiðir að mati áfrýjanda af eðli máls að ekki er unnt að láta aðra hefja leik eða koma inn á sem varamenn, en tilgreindir eru sem slíkir í leikskýrslu. Mega bæði dómara leiksins og liðið sem spilað er við ganga út frá því sem vísu að aðrir spili ekki leik en fram koma í leikskýrslu.

Í öðru lagi vekur áfrýjandi athygli á að kærði kaus sjálfur að skila inn leikskýrslu með nöfnum fimm varamanna. Honum var samkvæmt samþykkt knattspyrnuráðs Reykjavíkur heimilt að skrá allt að sjö varamenn en var það hins vegar óskilyt. Kærði kaus að mæta með fimm varamenn til leiks og skila inn leikskýrslu með nöfnum þeirra. Athygli er vakin á því að í þeim leikjum, sem kærði spilaði í Reykjavíkurmótinu, kaus hann aðeins einu sinni samkvæmt leikskýrslu að mæta með sjö varamenn, en tvisvar með sex og einu sinni, gegn áfrýjanda, með fimm varamenn. Er vandséð hvernig um handvömm kærða hefur verið að ræða þegar hann hefur í tvígang áður mætt til leiks í hinu sama móti án þess að hafa nýtt sér heimild til að skrá sjö varamenn í leikskýrslu.

Í þriðja lagi bendir áfrýjandi á að jafnvel þótt meint handvömm kærða hafi í raun átt sér stað geti það ekki leitt til þess að tilgreindur leikmaður verði allt að einu löglegur í leik við gegn áfrýjanda. Svo sem fram kemur í kæru áfrýjanda hefði kærði þá allt eins getað haft fjölda viðbótarvaramanna tilbúinn á hliðarlínu og ákveðið síðar hverjum þeirra yrði skipt inn á og borið því við að láðst hefði að geta viðkomandi á leikskýrslu. Veit áfrýjandi heldur ekkert um hvort kærði hafi skipt inn á fleiri leikmönnum, sem ekki hafi verið á leikskýrslu. Slíkt kann þó vel að hafa átt sér þótt þess sé ekki getið í leikskýrslu fremur en skiptingar nefnds Guðmundar. Má nærri geta hvers konar lausung kæmist á framkvæmd knattspyrnuleikja og mótahald héraendis yrði hinn áfrýjaði úrskurður látinn standa óbreyttur. Verður kærði því sjálfur að bera ábyrgð á meintri handvömm sinni við útfyllingu leikskýrslna. Ákvæði um leikskýrslu og útfyllingu þeirra eiga jafnt við hvort sem ásetningur eða gáleysi ræður því að þær séu ranglega útfylltar eða ekki fylltar út að öllu leyti. Reglurnar eru

hlutlægar en ekki háðar huglægum sjónarmiðum þess sem fyllir út viðkomandi skýrslu.

Í fjórða lagi vísar áfrýjandi til þess að með nýrri reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, dags. 23. apríl 2007, hafi reglur um leikskýrslur verið hertar og vægi þeirra aukið frá því sem áður var, sbr. nánar ákvæði 9. gr. reglugerðarinnar. Þá er nú m.a. mælt fyrir um skyldu aðildarféлага til að skrá allar upplýsingar úr leikskýrslu í gagnagrunn KSÍ innan tveggja klukkustunda frá því að leik lýkur, sem sýnir vel þá þýðingu sem skýrslunni er ætlað að hafa og mikilvægi þess að hún hafi að geyma fullnægjandi og tæmandi upplýsingar um þá sem þátt tóku í leiknum og helstu atvik hans. Ný ákvæði um leikskýrslur KSÍ voru ekki settar að ástæðulausu og á ekki hafa í flimtingum. Telur áfrýjandi í ljósi framanritaðs niðurstöður í máli nr. 3/2006 og 2/1992 ekkert fordæmisgildi hafa við úrlausn í máli þessu, enda frá tíð eldri reglna.

Af hálfu áfrýjanda er vísað til úrskurðar aga- og úrskurðarnefndar KSÍ í máli nr. 1/2007. Þar háttaði svo til að einn varamanna Afríku var ekki skráður í leikskýrslu. Bar Afríka fyrir sig með sama hætti og kærði í þessu máli að um mistök hafi verið að ræða við útfyllingu leikskýrslunnar. Eftir sem áður var leikurinn dæmdur Afríku tapaður. Er hér um eina fordæmið að ræða frá því að núgildandi reglur um leikskrár tóku gildi og eru engin efni til annars en að fylgja því.

Ítrekað skal að kærði hefur þegar tapað tveimur leikjum í Reykjavíkurmótinu vegna ólöglega skipaðs liðs. Sýnir það að mati áfrýjanda þá vanvirðingu sem kærði hefur sýnt mótinu og reglum KSÍ.

Með þátttöku Guðmundar Péturssonar í leikáfrýjanda og kærða var lið kærða í leiknum ólöglega skipað. Telst kærði því hafa tapað leiknum með markatölunni 0-3, sbr. gr. 40.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Niðurstaða málsins hefur verulegt almennt gildi fyrir knattspyrnuhreyfinguna og íþróttahreyfinguna í heild, enda felur niðurstaða hins áfrýjanda úrskurðar í sér lausung í framkvæmd knattspyrnuleikja og útfyllingu leikskýrslna þrátt fyrir skýr ákvæði nýrrar reglugerðar þar um. Telur áfrýjandi óverjandi að slík lausung verði liðin og öðrum liðum þar með gefið færi á að fara á svig við reglur þar að lútandi.

Fylgigögn með kæru:

4. Leikskýrsla leiks Vals-KR frá 14.02.08
5. Ljósmyndir sem sýna fram á þátttöku umrædds leikmanns
6. Úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ í máli nr. 1/2007
7. Úrskurður aga og úrskurðarnefndar KSÍ.

Áskilnaður:

Áskilinn er réttur til að reifa málið frekar og bera fram frekari málsástæður og lagarök eftir því sem tilefni kann að gefast til.

Reykjavík, 28. febrúar 2008.

F.h. áfrýjanda,

Úrskurður áfrýjunardómstóls KSÍ

Ár 2008, fimmtudaginn 13. mars 2008, kl. 09.00, er dómþing áfrýjunardómstóls Knattspyrnusambands Íslands háð á skrifstofu Lúðvíks Arnar Steinarssonar, Skólavörðustíg 12, Reykjavík, af Lúðvík Erni Steinarssyni, Jóhannesi Albert Sævarssyni og Guðmundi Þórðarsyni.

Fyrir er tekið:

Mál nr. 1/2008

Knattspyrnufélagið Valur

gegn

Knattspyrnufélagi Reykjavíkur

Í málinu er nú kveðinn upp svohljóðandi

dómur

I

Mál þetta dæma Lúðvík Örn Steinarsson, Jóhannes Albert Sævarsson og Guðmundur Þórðarson.

Hinn áfrýjaði úrskurður var kveðinn upp þann 26. febrúar 2008 af aga og úrskurðarnefnd KSÍ.

Ótthar Edvaldsson formaður afrekssviðs Knattspyrnufélagsins Vals skaut úrskurðinum til áfrýjunardómstóls KSÍ þann 28. febrúar 2008, og geði þá kröfu fyrir hönd Knattspyrnufélagsins Vals að hinn áfrýjaði úrskurður yrði felldur úr gildi og dæmt yrði að kærði hafi tapað leik áfrýjanda og kærða í meistaraflokki karla í Reykjavíkurmótinu, sem leikinn var 14. febrúar 2008, með markatölunni 3-0.

Stefndi krefst staðfestingu hins kærða úrskurðar.

II.

Málsástæður áfrýjanda:

Áfrýjandi telur niðurstöðu hins áfrýjaða úrskurðar ranga. Í fyrsta lagi bendir áfrýjandi á að samkvæmt 9.gr. reglugerðar KSÍ skuli leikskýrsla afhent dómara með númerum of nöfnum þeirra leikmanna sem hefja eigi leik, auk varmanna. Leiðir að mati áfrýjanda af eðli máls að ekki sé unnt að láta aðra hefja leik eða koma inn á sem varamenn, en tilgreindir eru sem slíkir í leikskýrslu. Megi bæði dómara leiksins og lið sem leikið er gegn ganga út frá því sem vísu að aðrir leiki ekki leik, en fram koma í leikskýrslu.

Í öðru lagi vekur áfrýjandi athygli á að kærði hafi sjálfur kosið að skila inn leikskýrslu með nöfnum fimm varamanna. Honum hafi samkvæmt samþykkt knattspyrnuráðs verið heimilt að skrá allt að sjö varamenn en hafi verið það óskilt. Hann stefndi notað ýmsar aðferðir við útfyllingu leikskýrslna í Reykjavíkurmóti m.t.t. fjölda varamanna.

Í þriðja lagi bendir áfrýjandi á, að jafnvel þó meint handvömm stefnda hafi í raun átt sér stað, geti það ekki leitt til þess að tilgreindur leikmaður verði allt að einu löglegur í leik gegn áfrýjanda.

Í fjórða lagi vísar áfrýjandi til þess að með nýrri reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, hafi reglur um leikskýrslur verið hertar og vægi þeirra aukið frá því sem áður var.

Málsástæður stefnda:

Stefndi bendir á að knattspyrnuúrslit eigi að ráðast á velli, en ekki á mistökum við útfyllingu leikskýrslu. Það hafi KSÍ með setningu reglugerðar um knattspyrnumót staðfest. Þannig segi í 40.gr. að sé leikskýrsla vísivítandi fyllt ranglega út, hafi það í

för með sér að leikur dæmist tapaður – þ.a. viðurkennt hafi verið að handvömm, mistök valdi því ekki að leikur dæmist tapaður, enda bryti slíkt í bága við það sjónarmið íþróttanna um að úrslit leiks skuli ráðast innan vallar.

Bendir stefndi á að umþrættur leikmaður, Guðmundur Pétursson, hafi verið löglegur leikmaður KR og hefði nafn hans verið sett inn á leikskýrslu hefðu engin vandamál fylgt þátttöku hans.

Stefndi bendir á að honum sé í sjálfsvald sett að ákveða fjölda varmanna í hverjum leik.

Stefndi telur nýjar reglur KSÍ um leikskýrslu ekki i breyta þeirri meginreglu að úrslit leiks eigi að ráðast innan vallar en ekki utan hans, þ.e. að mannleg yfirsjón við útfyllingu leikskýrslu geti ekki valdið því að leikur tapist. Nýjum ákvæðum reglugerðar KSÍ sé ekki ætlað það hlutverk að gera liðum auðveldara fyrir að leiðrétta óhagstæð úrslit á grundvelli leiksskýrslu, heldur tryggja áreiðanleika skráningu upplýsinga.

III.

Óumdeilt er í máli þessu að í leik áfrýjanda og stefnda í meistaraflokki karla í Reykjavíkurmóttinu, sem fram fór í Egilshöll, fimmtudaginn 14. febrúar 2008, lék í liði stefnda, leikmaðurinn Guðmundur Pétursson, kt. 241186-2379, en nafn hans er ekki að finna meðal þeirra 16 leikmanna sem stefndi tilgreindi á leikskýrslu fyrir leikinn. Stefndi vann leikinn með fjórum mörkum gegn engu.

IV.

Áfrýjandi krefst þess að viðurkennt verði með dómi að stefndi hafi verið með ólöglegan leikmann og að sér verði af þeim sökum dæmdur sigur í leiknum 3-0. Byggir áfrýjandi kröfu þessa á grein 40.1. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Stefndi krefst staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi.

V.

Ákvæði 9.gr. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót geymir fyrirmæli um hvernig leikskýrsla skuli fyllt út, hve margir varamenn megi vera í liði og á hvers ábyrgð það er að koma henni í hendur dómara fyrir leik.

Í grein 40.1. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót er fjallað um ólöglega skipuð lið og afleiðingar þess að mæta með slík lið til leiks. Í gr. 40.3. er kveðið á um afleiðingar þess séu leikskýrslur vísvitandi ranglega útfylltar, t.d. með því að falsa nafn eða kennitölu þátttakanda.

Óumdeilt er með aðilum máls þessa, að Guðmundur Pétursson var, þegar leikurinn fór fram, hlutgengur í skilningi gr. 3.1. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, til að leika með liði stefnda og sætti heldur ekki leikbanni. Leikheimild leikmannsins með stefnda tók gildi frá og með 20. febrúar 2008, en með vísan til bráðabirgðaákvæðis í grein 3.5. í reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga, var leikmanninum heimilt að taka þátt í héraðsmótum frá og með þeim degi er keppnisleyfið er gefið út. Í dómi aga- og úrskurðarnefndar KSÍ kemur fram að keppnisleyfi leikmannsins hafi verið gefið út 8. febrúar.

Af atvikum málsins er ljóst að mistök aðstoðarþjálfara liðs stefnda urðu til þess að nafn Guðmundar Péturssonar var ekki skráð á leikskýrslu fyrir leikinn í Egilshöll þann 14. febrúar 2008. Geymdi leikskýrslan því aðeins 16 nöfn en ekki 18 eins og heimild er til. Þó þessi mistök hafi verið gerð við útfyllingu leikskýrslunnar, verður ekki á það fallist með áfrýjanda að lið stefnda hafi verið ólöglega skipað í skilningi gr. 40.1. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Kröfu áfrýjanda er því hafnað og hinn áfrýjaði dómur staðfestur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Lúðvík Örn Steinarsson

Jóhannes Albert Sævarsson

Guðmundur Þórðarson